

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini.

1. gr.

29. gr. breytist þannig:

Í stað „tveimur“ í 1. málslíð 1. mgr. kemur: „þremur“.

2. gr.

5. mgr. D-liðar III. kafla III. viðauka, sem er með fyrirsögninni „Flokkur D1“, orðast svo: Hópbifreið í flokki D1 eða D, a.m.k. 5,0 m að lengd, með leyfða heildarþyngd á bilinu frá 5.000 til 7.500 kg og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 50., 52., 54., 57. og 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 25. júlí 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. ágúst 2006